



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun í félags- og heilbrigðismálum 2022-2024

Efnisyfirlit

Formáli	3
Stefnumörkun vegna norræns samstarfs um félags- og heilbrigðismál árin 2022–2024	5
Meginmarkmið	10
Samstarf um málefni Evrópusambandsins og alþjóðamál	15
Tilhögun samstarfsins	16
Mat á árangri samstarfsáætlunarinnar	18

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu: <https://pub.norden.org/politiknord2022-718>



Mynd: Johnér · iStock · Maud Lervik / Norden.org

Formáli

Um þessar mundir blasa við ýmis erfið úrlausnarefni sem Norðurlöndin eiga öll sameiginleg. Við höfum allt frá 2020 glímt við þann erfiða vanda sem kórónufaraldurinn er, með því gríðarlega álagi sem honum hefur fylgt í heilsu- og umönnunarþjónustu okkar og öllu velferðarkerfinu. Enn sem komið er höfum við enga yfirsýn um afleiðingar faraldursins til lengri tíma lítið, en vitað er að þetta alvarlega ástand hefur valdið auknum félagslegum vanda á borð við að fólk verði einmana, lendi utangarðs eða einangrist, og það á sérstaklega við um ungt fólk, aldraða og fatlaða. Hrakandi geðheilsa ungs fólks á Norðurlöndum er einnig áhyggjuefni og verði ekki gripið snemma til fyrirbyggjandi ráðstafana er hætt á umfangsmiklum líkamlegum og geðrænum erfiðleikum og að fólk sem fyrir slíku verður lendi utangarðs. Margt ungt fólk á Norðurlöndum stundar hvorki vinnu né nám og hætt er við að það verði varanlega á jaðri þjóðfélagsins nema til komi fleiri aðgerðir til að ná utan um þennan hóp.

Breytt aldurssamsetning, hækkun meðalaldurs og fjölgun fólks með langvinna sjúkdóma veldur sömuleiðis álagi á velferðarríkið. Sameiginlegur vandi Norðurlandanna er ástandið á strjálbýlum svæðum þar sem fjarlægðir eru miklar og fjölgun aldraðra hlutfallslega mest. Við þessu verður að bregðast með aðgerðum sem stuðla að jafnari heilsu og lífsgæðum og minnka félagslegt misrétti. Loftslagskrísan og afleiðingar hennar í félagslegu og efnahagslegu tilliti eru viðvarandi og vaxandi vandi. Breytingunum sem nauðsynlegar eru til að auka sjálfbærni samfélagsins fylgir sú krafa að við leggjum okkur öll fram um að tryggja sjálfum okkur og komandi kynslóðum grænni og loftslagsvænni framtíð.

Með því að færa okkur betur í nyt félagslega nýsköpun og nýjar lausnir og miðla reynslu og kunnáttu um árangursríkar leiðir milli landanna getum við markað stefnu í velferðar- og heilbrigðismálum sem tryggir öllum félagslegt öryggi og jafnan aðgang að heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Jafnframt slíkri þekkingaröflun verðum við að virkja bæði starfsfólk velferðarþjónustunnar og notendur hennar til samstarfs um að bæta þjónustuna og laga hana að mismunandi þörfum og lífsaðstæðum. Við verðum einnig að búa okkur undir heilbrigðisáföll og aðra atburði í framtíðinni með því að

efla norrænt samstarf um viðbúnað í heilbrigðismálum og aukinn viðnámsþrótt einstaklinga og samfélags. Þróa þarf fyrirbyggjandi aðgerðir sem grípa má til snemma til að efla bæði líkamlega og geðræna heilbrigði.

Félagsleg sjálfbærni helst í hendur við samkeppnishæfni. Gögn sem unnin eru upp úr mannfjöldarannsóknnum og heilbrigðisskrám eru notuð meðal annars í rannsóknaverkefnum á sviði sjúkdóma og heilsu og skila okkur þekkingu um erfiðustu vandamálin í heilbrigðismálum bæði um þessar mundir og í framtíðinni. Verkefninu „Nordic Commons“ var hleypt af stokkunum sem hluta af framkvæmdaáætlun vegna Framtíðarsýnar okkar 2030. Tilgangur þess er að koma á fót norrænni samvinnu um heilbrigðisgögn fyrir tilstuðlan samstarfsverkefna sem snúast um að leita uppi, koma á framfæri, taka saman og greina slík gögn og örva þannig nýsköpun og atvinnustarfsemi. Í öðru þverfaglegu verkefni, „Samþætt fjarheilbrigðisþjónusta“ (skammst. iVOPD), verður sérstök áhersla lögð á það á næstu árum að bæta aðgengi að velferðarþjónustu á öllum Norðurlöndum með nýsköpun á sviði stafrænna og velferðartæknilegra lausna.

Norðurlönd hafa með sér einstakt samstarf sem við eigum að nýta til að finna bestu og sjálfbærustu leiðirnar til að ráða fram úr sameiginlegum úrlausnarefnum okkar. Saman ætlum við að byggja upp græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd á grundvelli þverfaglegra aðgerða og aukins samstarfs við félagasamtök og notendur.

Vinnu- og aðlögunarráðherra, Noregi

Heilbrigðis- og umönnunarráðherra, Noregi

Formennska Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni 2022

Framtíðarsýn okkar 2030

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlönd
eiga að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.



Mynd: Ricky Molloy / Norden.org · iStock · Benjamin Suomela / Norden.org

Stefnumörkun vegna norræns samstarfs um félags- og heilbrigðismál árin 2022–2024

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) fyrir árin 2022–2024 kemur fram að áætluninni sé ætlað að auka þekkingu á sameiginlegum úrlausnarefnum Norðurlandanna á þessu sviði og miðla reynslu af þeim. Tilgangurinn er fyrst og fremst að móta aðgerðir og lausnir sem stuðlað geta að betri stefnumótun og treyst norrænu velferðarsamfélögin í sessi, jafnt í einstökum sveitarfélögum, héruðum og löndum sem á Norðurlöndunum í heild, þrátt fyrir niðurskurð fjárframlaga. Ein grunnforsenda þess að stunda slíkt samstarf er að það hafi norrænt notagildi. Hnattvæðing, breytingar á aldursamsetningu þjóðanna og Covid-19-faraldurinn eru allt þættir sem þrengja að velferðarríkinu og óhjákvæmilegt er að bregðast við þeim vanda með sameiginlegum ráðstöfunum norrænu ríkjanna. Með því að færa okkur betur í nyt samfélagslega nýsköpun og miðla þekkingu og reynslu milli landanna getum við markað stefnu í velferðar- og heilbrigðismálum sem tryggir öllum félagslegt öryggi og jafnan aðgang að heilbrigðis- og velferðarþjónustu, mætir þörfum jaðarhópa og gerir okkur kleift að takast á við nýjar farsóttir og aðra heilsuvá í framtíðinni með bættum viðbúnaði á sviði heilbrigðismála.

Í starfi sviðsins er tekið mið af tveimur gagngerum úttektum frá síðustu árum. Á sviði félagsmála á samstarfið að tryggja öllum íbúum Norðurlanda sjálfbæra og örugga velferðarþjónustu. Eigi þetta markmið að nást er mikilvægt að hrinda í framkvæmd hinum fjórtán tillögum sem er að finna í úttekt Árna Páls Árnasonar á samstarfssviði félagsmála, „*Þekking sem nýtist: Tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála*“ (2018). Samhliða því er áfram unnið að bættu norrænu samstarfi í heilbrigðismálum á grundvelli stefnumarkandi úttektar sem Bo Könberg vann, „*Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum*“ (2014). Stefnt er að því að meta árangur aðgerðanna til að tryggja að reynslan nýtist þegar teknar verða ákvarðanir á sviði heilbrigðismála í framtíðinni og til lausnar á aðkallandi áskorunum. Efla þarf norrænt samstarf í heilbrigðismálum til að tryggja viðhald og áframhaldandi þróun heilbrigðiskerfis sem allir hafa aðgang að endurgjaldslaust og

án mismununar. Í því samstarfi þarf einnig að huga að ýmsum áhættuþáttum sem tengjast lýðheilsu og leitast við að draga úr ójöfnuði á sviði heilbrigðismála á Norðurlöndum.

Til grundvallar samstarfsáætluninni liggur framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um Norðurlönd sem sjálfbærasta og best samþætta svæði heims og þrjú meginmarkmið hennar, þ.e. græn, samkeppnisfær og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Samstarfsáætlunin felur þannig í sér frekari útfærslu á framkvæmdaáætlun framtíðarsýnarinnar fyrir árin 2021–2024 og markmiðunum tólf sem þar eru sett, og í henni kemur fram hvaða markmiðum MR-S hyggst ná með starfi sínu fram til ársins 2024 og hvaða svið það eru sem helst verður hugað að í samstarfinu. Mikil áhersla verður lögð á markmiðið *félagslega sjálfbær Norðurlönd með gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla* (markmið 9 í framkvæmdaáætluninni). MR-S hyggst einnig vinna að markmiðinu um samkeppnishæf Norðurlönd með því að stuðla að upptöku nýrra tæknilegra, stafrænna og nýskapandi lausna í heilbrigðiskerfinu og markmiðinu um græn Norðurlönd með því að greiða fyrir félagslega sjálfbærum grænum umskiptum hvarvetna á Norðurlöndum.

Unnið verður að ýmsum verkefnum með það að markmiði að flétta sjónarmið um sjálfbæra þróun, kynjajafnrétti og málefni barna og ungmenna enn betur inn í allt starf MR-S. Í þeirri vinnu verður einnig hugað að málefnum fólks með fötlun. MR-S hyggst jafnframt auka samskiptin við ýmis almannasamtök.

Megináherslur í samstarfi Norðurlandanna um heilbrigðismál á gildistíma áætlunarinnar verða þær sem taldar eru upp hér fyrir neðan og verða mörg verkefnanna unnin í samstarfi tveggja eða fleiri fagsviða á grundvelli meginmarkmiðanna þriggja sem framtíðarsýnin hvílir á:



Félagslega sjálfbær Norðurlönd:

- að viðhalda og þróa áfram heilbrigðiskerfi sem allir hafa aðgang að endurgjaldslaust og án mismununar
- að stuðla að fyrirbyggjandi lýðheilsustarfi með áherslu á jafnræði í heilbrigðismálum
- að draga úr neikvæðum afleiðingum kórónufaraldursins, ekki síst meðal viðkvæmra hópa á borð við börn og ungmenni, aldraða og fatlaða
- að vinna að bættum viðbúnaði gegn áföllum á sviði heilbrigðismála
- að efla norrænt samstarf til að takast á við erfið úrlausnarefni í strjálbýli og þróa sameiginlegar lausnir
- að auka samstarf við frjáls félagasamtök
- að efla samstarf fagsviðanna



Græn Norðurlönd:

- að stuðla að félagslega sjálfbærum grænum umskiptum á öllum Norðurlöndum og vinna gegn aukinni misskiptingu í þjóðfélaginu af völdum þeirra umskipta
- að stuðla að sjálfbærum norrænum lífsstíl með aðgerðum sem beinast að hollum lífsháttum og sjálfbærri matvælaframleiðslu
- að stuðla að loftslagsvænum lausnum með áframhaldandi þróunarstarfi á sviði velferðartækni og samþættrar fjarheilbrigðisþjónustu



Samkeppnishæf Norðurlönd:

- að stuðla að upptöku nýrra tæknilegra, stafrænna og nýskapandi lausna í heilbrigðiskerfinu
- að gera Norðurlöndunum kleift að nýta sér sameiginlegar lausnir til að miðla heilbrigðisgögnum sín í milli á öruggan og skilvirkan hátt
- að þróa leiðir til að auka sjálfbærni norrænna velferðarsamfélaga með aðgerðum byggðum á þekkingu og félagslegum fjárfestingum

Félagsmál

Með starfsemi sviðsins er stuðlað að sjálfbærum og öruggum aðgangi allra Norðurlandabúa að velferðarþjónustu. Mikilvægur þáttur í því er áframhaldandi vinna við framkvæmd tillagnanna 14 sem Árni Páll Árnason lagði fram í skýrslunni „Þekking sem nýtist: Tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála“ (2018). MR-S hyggst á gildistíma áætlunarinnar fylgja eftir þeim tillögum í skýrslu Árna sem þegar er unnið að og ákveða hvernig farið verður með þær tillögur skýrslunnar um frekari þróun samstarfs á sviði félagsmála sem enn hafa ekki komist til framkvæmda.

Kórónufaraldurinn hefur aukið á ýmis félagsleg vandamál, svo sem einsemd og einangrun ungs fólks og aldraðra og erfiðleika fatlaðs fólks við að finna störf við sitt hæfi. Að því er varðar viðkvæmustu hópana, til dæmis börn og ungt fólk, fullorðið fólk í jaðarhópum, aldraða og fólk með fötlun og flóknar þarfir, verður ráðist í markvissar aðgerðir til að auka sameiginlega þekkingu Norðurlandanna á afleiðingum kórónufaraldursins og ráðstöfunum sem komið hafa að gagni við að vinna gegn þeim.

Samstarfi Norðurlandanna um viðbrögð við breyttri aldurssamsetningu íbúanna verður haldið áfram með aðgerðum á sviði velferðartækni, notendavænna og fyrirbyggjandi lausna, samstarfsnets um heilabilun og borgaruppbyggingar í þágu aldraðra.

Heilbrigðismál

Á sviði heilbrigðismála er enn mikið gagn að úttekt Bo Könberg, „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“ (2014). Frá árinu 2014 hefur verið unnið að fjölmörgum verkefnum á öllum þeim fjórtán sviðum sem fjallað er um í Könbergskýrslunni. Vinnan fer fram í norrænum starfshópum og samstarfsnetum sem sinna meðal annars lýðheilsu, geðheilbrigði, sýklalyfjaónæmi, rafrænni heilbrigðisþjónustu og lyfjamálum. Fjármunir hafa einnig runnið til sérverkefna sem tengjast tillögnum fjórtán. Engin heildarúttekt hefur þó farið fram á starfinu sem unnið hefur verið á grundvelli þessara tillagna. MR-S hyggst því ráðast í slíka úttekt til að leiða í ljós hvernig heppilegast er að þróa norrænt samstarf um heilbrigðismál áfram, meðal annars á sviðum á borð við heilsugæslu og lýðheilsu, með aukinni áherslu á að fyrirbyggja langvinna sjúkdóma, en jafnframt til að skoða hvernig vænlegast er að nýta reynsluna af starfinu sem þegar hefur verið ráðist í.

Til að takast megi að draga úr heilsuójöfnuði meðal íbúa á Norðurlöndum og tryggja öllum sem besta heilsu og lífsgæði er mikilvægt að sviðið vinni að því að minnka félagslega einangrun, fjölga fyrirbyggjandi aðgerðum og stuðla að viðhaldi og áframhaldandi þróun heilbrigðiskerfis sem allir hafa aðgang að endurgjaldslaust og án mismununar.

Til að standa betur að vígi í baráttunni við farsóttir og aðra heilsuvá í framtíðinni verður unnið að eflingu norræns samstarfs um viðbúnað í heilbrigðismálum á grundvelli sameiginlegra norrænna lausna. Þörfin á þessu hefur komið skýrt fram í kórónufaraldrinum.

Til að geta tekist á við úrlausnarefni á borð við hækkandi meðalaldur og miklar fjarlægðir í dreifbýli á Norðurlöndum verður einnig unnið að frekari stefnumótun í heilbrigðismálum með sérstakri áherslu á sameiginlegar aðgerðir fagsviðanna að því er varðar rafræna heilbrigðisþjónustu, fjarheilbrigðisþjónustu og stafvæðingu. Að því er varðar lyf verður baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi haldið áfram í samræmi við nálgunina „One Health“ og samstarf um afhendingaröryggi verður aukið.

Samstarfsáætlunin öðlast gildi 27.04.2022 og gildir til 31.12.2024.



Mynd: Ritzau/Scanpix · iStock · Ritzau/Scanpix

Meginmarkmið

Norrænu velferðarkerfin hafa þjónað tilgangi sínum vel og reynst sjálfbær, en þar er þó við ýmsan vanda að etja sem tengist meðal annars breytingum á vinnumarkaði og aldurssamsetningu þjóðanna. Eins og fram kemur í skýrslu Árna Páls leiða þær félagslegu fjárfestingar sem velferðarkerfin byggjast á til aukins félagslegs hreyfanleika og skjóta traustari stoðum undir félagslegt öryggi í samfélögum Norðurlanda. Fjárhagsleg sjálfbærni norrænu velferðarríkjanna hvílir á mikilli atvinnuþátttöku íbúanna og þeim virðisauka sem skapast á grundvelli samkeppnishæfni Norðurlanda og nýsköpunar í framtíðinni. Félagslega sjálfbær græn umskipti verða ekki að veruleika á Norðurlöndum nema allir eigi þess kost að velja sjálfbærar leiðir í lífi sínu. Norræn velferðarríki með traustum félags- og heilbrigðiskerfum eru því forsenda þess að byggja megi upp samkeppnishæf og græn Norðurlönd þar sem enginn verður útundan.



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Markmið sviðsins

að viðhalda og þróa áfram heilbrigðiskerfi sem allir hafa aðgang að endurgjaldslaust og án mismununar

Enn frekari áhersla verður lögð á heilbrigðismál með það að markmiði að viðhalda og þróa áfram heilbrigðiskerfi sem allir hafa aðgang að endurgjaldslaust og án mismununar, ásamt því að draga úr heilsuójöfnuði meðal íbúa á Norðurlöndum og stuðla að því að þeir njóti góðrar heilsu og mikilla lífsgæða alla ævi. Áhersla verður lögð á að grípa snemma til fyrirbyggjandi aðgerða í þágu líkamlegrar og andlegrar heilsu, og samstarf á sviði lyfjamála verður aukið.

Samstarfsverkefni fagsviðanna, Samþætt fjarheilbrigðisþjónusta, verður nýtt til að bæta aðgang að velferðarþjónustu á öllum Norðurlöndum, með sérstakri áherslu á strjálbýl svæði. Meðal annarra áherslna í verkefninu má nefna stafrænar lausnir, nýsköpun, umhverfis- og loftslagsmál, byggðaðróun, endurmenntun starfsfólks í heilsugæslu- og umönnunarstörfum og kynning Norðurlanda sem nútímalegra velferðarríkja.

MARKMIÐ SVIÐSINS

að efla norrænt samstarf til að takast á við úrlausnarefni sem fylgja hækkanði meðalaldri og þróa sameiginlegar lausnir

Norrænt samstarf á sviði málefna aldraðra verður aukið enn frekar. Eins og þegar hefur verið nefnt verður áfram unnið að verkefnum á sviði velferðartækni, notendavænna og fyrirbyggjandi lausna, samstarfsnets um heilabilun og borgaruppbyggingar í þágu aldraðra. Brugðist verður við aukinni þörf á félags- og heilbrigðisþjónustu með sameiginlegum aðgerðum fagsviðanna á sviði heilbrigðisgagna, rafrænnar heilbrigðisþjónustu, samþættrar fjarheilbrigðisþjónustu og stafvæðingar. Í því samhengi er einnig mikilvægt að miðla upplýsingum um reynslu landanna af ráðningum til heilbrigðisstofnana.

MARKMIÐ SVIÐSINS

að auka þekkingu á afleiðingum kórónufaraldursins meðal viðkvæmra hópa á borð við börn og ungmenni, aldraða og fatlaða

Kórónufaraldurinn hefur sett spor sín á samfélagið á Norðurlöndum og skapað erfið úrlausnarefni fyrir samfélagið í heild jafnt sem ýmsa jaðarhópa. Til að auka þekkingu á afleiðingum kórónufaraldursins verður hleypt af stokkunum tveimur

samstarfsverkefnum fagsviða sem snúast um að rannsaka áhrif faraldursins á ýmsa hópa meðal íbúa hvers lands, til dæmis börn og ungmenni, aldraða og fatlaða. Sérstaklega verður hugað að afleiðingum kórónufaraldursins að því er varðar geðheilsu. Nýjum verkefnum verður hleypt af stokkunum á gildistíma áætlunarinnar (*Einsemd og einangrun í Covid-19-faraldrinum; Áhrif kórónufaraldursins á börn og ungmenni; Atvinnuþáttaka fatlaðs fólks*) og unnið að aukinni samvinnu við frjáls félagasamtök.

MARKMIÐ SVIÐSINS

að vinna að bættum viðbúnaði gegn áföllum á sviði heilbrigðismála

Unnið verður að auknu norrænu samstarfi um viðbúnað á sviði heilbrigðismála til að bregðast megi betur við aðstæðum á borð við farsóttir og önnur áföll í heilbrigðismálum. Þar hefur norræni heilbrigðisviðbúnaðarhópurinn, svonefndur Svalbarðahópur, mikilvægu hlutverki að gegna, því að með honum hefur norrænu ríkjunum verið skapaður grundvöllur til samstarfs um að undirbúa og þróa viðbúnað til að bregðast við áföllum og náttúruhamförum. Þá verður áfram unnið að afhendingaröryggi lyfja á vegum Norrænu lyfjanefndarinnar.

MARKMIÐ SVIÐSINS

Markmið sviðsins: að auka samstarf við frjáls félagasamtök

Til að tryggja að aðgerðir sem ráðist er í séu Norðurlandabúum gagnlegar hyggst MR-S auka samskiptin við félagasamtök af ýmsu tagi, meðal annars gegnum nýtt tengslanet félagasamtaka sem stofnað hefur verið til á vegum ráðherranefndarinnar. Þetta er í samræmi við þá tillögu í skýrslu Árna Páls Árnasonar að komið verði á nánara samstarfi milli félagasamtaka á Norðurlöndum og hins opinbera (tillaga 7).



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

MARKMIÐ SVIÐSINS

að stuðla að félagslega sjálfbærum grænum umskiptum á öllum Norðurlöndum og vinna gegn aukinni misskiptingu í þjóðfélaginu af völdum þeirra umskipta

Loftslagsvandinn og sú nauðsyn að auka sjálfbærni í samfélögum heimsins snúa einnig beint að einstökum íbúum hvers lands. Með samstarfsátaki fagsviðanna um félagslega sjálfbær græn umskipti verður varpað ljósi á vandann sem við er að glíma, leitast við að greina félags- og efnahagslegar afleiðingar hans og gerð grein fyrir gagnlegum vinnubrögðum og lausnum með það fyrir augum að styrkja norræn samfélög. Unnið verður að áttakinu í þverfaglegu samstarfi nokkurra ráðherranefnda.

MARKMIÐ SVIÐSINS

að sjálfbærum norrænum lífsstíl með sérstakri áherslu á holla lífshætti og sjálfbæra matvælaframleiðslu í samstarfi við matvælaframleiðendur

Að auki verður stuðlað að loftslagsvænum lausnum með áframhaldandi þróunarstarfi á sviði velferðartækni og samþættrar fjarheilbrigðisþjónustu í samstarfi við ýmis málefna svið ráðherranefndarinnar.



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

MARKMIÐ SVIÐSINS

að stuðla að upptöku nýrra tæknilegra, stafrænna og nýskapandi lausna í heilbrigðiskerfinu

Í framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á að gera Norðurlöndunum kleift að miðla sín í milli á skjóttan og öruggan hátt heilbrigðisgögnum sem til eru skráð, og varpa ljósi á hvaða gagnauppsprettur eru fyrir hendi og hvað gera mætti til að sameina þær. Ætla má að þetta muni koma að miklu gagni fyrir rannsóknir, nýsköpun og heilbrigðisþjónustu og stuðla að betri heilsu og aukinni velferð bæði á Norðurlöndum og utan þeirra.

Með samstarfsátaki fagsviðanna, „The Nordic Commons – Norðurlönd leiðandi á sviði norrænna og öruggra stafrænna innviða fyrir heilbrigðisgögn“, verður stuðlað að nýjum lausnum sem skapað geta betri forsendur fyrir aukinni samkeppnishæfni Norðurlanda, meðal annars í samstarfi við ráðherranefndir vinnumála, stafvæðingar og menntamála og rannsókna. MR-S hefur forystu um átakið en framkvæmd þess er í höndum Norræna rannsóknaráðsins, NordForsk.

Sviðið vinnur einnig að verkefnum til nokkurra ára á sviði stafvæðingar, heilbrigðisþjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu með sérstakri áherslu á nýsköpun. Jafnframt er unnið að þróun verkfæra til hagtöluúrvinnslu á grundvelli fyrirbyggjandi þekkingar, og má þar nefna norrænu velferðarvísana.



Mynd: Mads Schmidt Rasmussen / Norden.org · Unsplash · Ritzau/Scanpix

Samstarf um málefni Evrópusambandsins og alþjóðamál

Tilgangurinn með alþjóðastarfi ráðherranefndarinnar er að vinna að markmiðum sviðsins, auka áhrif Norðurlanda í nágrannaríkjunum og á alþjóðavettvangi og gefa starfi bæði MR-S og alþjóðastofnana aukið vægi, meðal annars með því að draga fram sameiginleg hagsmunamál og vinna þeim brautargengi, skapa ný tengsl og kynna starf Norðurlandanna á sviði félags- og heilbrigðismála. Samstarfið getur stutt við önnur verkefni landa eða landshluta á alþjóðavettvangi, til dæmis í nágrannalöndunum þar sem haldið verður áfram ýmsum verkefnum í samstarfi við Eystrasaltsríkin og norðvesturhéruð Rússlands.

Í því starfi er tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, framtíðarsýn ráðherranefndarinnar til ársins 2030, áhersluatriðum samstarfsáætlunarinnar (sem eru t.d. kynjajafnrétti, málefni barna og ungmenna og sjálfbær þróun) og alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Hugað er að samstarfi við hin fagsviðin og aðila utan Norrænu ráðherranefndarinnar eftir því sem tilefni og tækifæri gefast.

Sérstök áhersla er lögð á samstarf og samhæfingu að því er varðar málefni sem tengjast Evrópusambandinu með vísan til þess að félags- og heilbrigðismál verða æ mikilvægari þáttur í samstarfi Evrópusambandsríkjanna og að það samstarf er afar viðtækt þótt það markist að flestu leyti af sjálfsákvörðunarrétti ríkjanna.

Verkefni á sviði félags- og heilbrigðismála sem unnið er að á vegum Evrópusambandsins eru tekin til umræðu eftir þörfum á fundum MR-S og EK-S og í einstökum starfshópum þegar það á við.

Norðurlandasamningur um almannatryggingar hefur að geyma ákvæði um samstarf norrænu ríkjanna á því sviði með vísan til reglna Evrópusambandsins um almannatryggingamál, sjá reglugerð (EB) nr. 883/2004. Vinnan við að laga ákvæði Norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu (félagsmálasáttmálans) að löggjöf Evrópusambandsins stendur enn yfir.



Mynd: Johnér · Johnér · iStock

Tilhögun samstarfsins

Norræna ráðherranefndin er opinber samstarfsstofnun norrænu ríkisstjórnanna. Samstarf norrænu ríkisstjórnanna um félags- og heilbrigðismál fer fram undir stjórn ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S).

Norræna embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál (EK-S), sem skipuð er embættismönnum úr félags- og heilbrigðisráðuneytum norrænu ríkjanna, auk Færeyja, Grænlands og Álandseyja, leiðir starfið og leggur tillögur á sviði félags- og heilbrigðismála fyrir ráðherrana til umfjöllunar og ákvörðunar. Nefndin tekur einnig ákvarðanir um skiptingu fjármuna sem sviðið hefur til ráðstöfunar, auk þess að samhæfa verkefnastarfið og vinnu starfshópa.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar (NMRS) undirbýr mál sem ráðherranefndin og embættismannanefndin taka til umfjöllunar og ber ábyrgð á að allar ákvarðanir um félags- og heilbrigðismál komist í framkvæmd.

Til að efla starf í tilteknum málaflokkum og greiða fyrir raunhæfu samstarfi og upplýsingaskiptum hafa verið settir á fót um 20 norrænir starfshópar.

Á sviði félags- og heilbrigðismála er einnig starfandi sérstök stofnun, Norræna velferðarmiðstöðin (NVC), auk nokkurra mikilvægra samstarfsaðila sem njóta fjárframlaga frá ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál. Með framlagi þeirra allra er stuðlað að markmiðunum sem sviðið vinnur að. MR-S á einnig samstarf við aðrar norrænar stofnanir, þar á meðal NordForsk, Nordregio og Nordic Innovation.

Norræna velferðarmiðstöðin hefur það meginhlutverk að þjóna sem vettvangur samstarfs milli ýmissa aðila sem sinna félags- og lýðheilsuáttum í norrænu ríkjum, á Álandseyjum, á Grænlandi og í Færeyjum.

Tilgangurinn með starfseminni er að stuðla að öflugra þróunarstarfi í löndunum, miðlun þekkingar og reynslu milli þeirra og almennri þekkingaruppbyggingu á þessu sviði.

Helstu samstarfsaðilar

- Norræna tannlækningastofnunin (NIOM)
- Norræna hagsýslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO)
- Norræna heilbrigðistöðfræðinefndin (NOMESKO)
- Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks

Þverlæg sjónarmið

Grunnhugsunin að baki velferðarsamfélagsi Norðurlanda er að allir sem þar búa eigi að hafa sömu tækifæri og njóta félagslegrar samheldni og öryggis óháð kyni, þjóðernisuppruna, trú, sannfæringu, fötlun, aldri og kynhneigð. MR-S leggur áherslu á að samstarf fagsviða um ýmis velferðarmál er afar mikilvægt.

Sjálfbær þróun, kynjajafnrétti og sjónarmið er lúta að réttindum barna og málefnum ungs fólks eiga að vera snar þáttur í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Forsenda þess að framtíðarsýnin um Norðurlönd sem sjálfbærasta og best samþætta svæði heims verði að veruleika fyrir árið 2030 er að þessi sjónarmið verði fléttuð inn í starfið. Það merkir í reynd að þau verða að koma við sögu með skipulegum hætti í allri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Gæta verður að þeim á öllum stigum undirbúnings, ákvarðanatöku, framkvæmdar og mats.

Til að tryggja fjárhagslegan grundvöll velferðarsamfélaga okkar og ná fram félagslegri sjálfbærni er einnig mikilvægt að huga að markmiðunum um græn og samkeppnishæf Norðurlönd. Það má til að mynda gera með því að hvetja fagsviðin til að taka tillit til hagrænna þátta velferðarkerfanna í starfi sínu.

Mikilvægt er að hafa jafnréttissjónarmið í huga bæði í félagsmálum og heilbrigðismálum. Kynja- og jafnréttissjónarmið geta átt við þegar fjallað er um hvernig fólk nýtir sér heilbrigðisþjónustu og fyrirbyggjandi starf, einnig gegnum netið, svo og aðgerðir til að tryggja jafnan aðgang allra þjóðfélagshópa. Áhrif kórónufaraldursins koma með ólíkum hætti við konur og karla og gildir það til dæmis um atvinnuleysi, einangrun frá vinnumarkaði og umönnunarstörf.

Til að geta fléttuð sjónarmið um jafnrétti inn í alla starfsemi MR-S með skipulegum hætti er nauðsynlegt að skoða hvernig tekið hefur verið á jafnréttismálum og finna nýjar leiðir til að koma góðum lausnum í notkun. Í þeirri vinnu má meðal annars hafa stuðning af því sem fram kemur í skýrslu Árna Páls Árnasonar um samstarf á sviði félagsmála.

MR-S leitast við að auka áherslu á réttindi barna og málefni barna og ungmenna í jaðarhópum. Norræna velferðarmiðstöðin gegnir mikilvægu hlutverki í þeirri vinnu að flétta sjónarmið um réttindi barna og málefni ungs fólks inn í samstarfsverkefni ráðherranefndarinnar.

Skoðuð verða dæmi um góð vinnubrögð og þau kynnt á sviðinu. Eitt dæmi er Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks, sem hefur fengið ungt fólk til þátttöku í starfi sínu, sem og önnur verkefni sem fela í sér beina þátttöku barna og ungmenna.

Til að stuðla að sjálfbærri þróun á Norðurlöndum er einnig mikilvægt að fjalla þær afleiðingar sem græn umskipti kunna að hafa til að auka þekkingu á því hvernig aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum geta skapað eða aukið ójöfnuð varðandi félags- og efnalega stöðu, menningu og búsetu.



Mynd: Yadid Levy / Norden.org · Ritzau/Scanpix · Eiríkur Björnsson / Norden.org

Mat á árangri samstarfsáætlunarinnar

Samstarfsáætlunin er til þriggja ára (2022–2024) og árangurinn af henni verður metinn áður en gildistími hennar rennur út. Þá verður meðal annars rannsakað hvort sett markmið hafa náðst og með hvaða hætti, svo og hvernig sömu markmið hafa stuðlað að framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar og þremur meginmarkmiðum hennar um græn, samkeppnisfær og félagslega sjálfbær Norðurlönd, með aðstoð vísa sem skilgreindir hafa verið vegna vinnunnar við framtíðarsýnina.

Um ritið

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í félags- og heilbrigðismálum 2022-2024

PolitikNord 2022:718

978-92-893-7339-5 PDF

978-92-893-7340-1 ONLINE

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2022-718>

© Norræna ráðherranefndin 2022

Umbrot: Tobias Scheel Mikkelsen

Kápumynd: iStock (iStock, Johnér, iStock, Johannes Jansson/norden.org)

Útgefið júní 2022

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflað í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur

Tenging samstarfsáætlunarinnar og Framtíðarsýn okkar 2030

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að miða að því að framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbært og samþætt svæði á heimsmælikvarða árið 2030 verði að veruleika. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þrjár og stuðla að því að uppfylla markmiðin 12 í framkvæmdaáætlun árána 2021–24 til að ná Framtíðarsýn okkar 2030.

Nánari upplýsingar: norden.org